


# FRÉTTABRÉF

---

2. tbl. starfsársins 2008-2009



**FAAS**

---

Félag áhugafólks og aðstandenda  
Alzheimerssjúklinga og annarra  
skyldra sjúkdóma.

## Fræðslufundur

Verður haldinn þriðjudaginn 21. október n.k. kl. 20:00 í Félags-  
og þjónustumiðstöðinni, Árskógum 4 í Reykjavík (matsal)  
Húsið verður opnað kl. 19:30

### Dagskrá:

Kl. 20.00 Fundur settur – María Th. Jónsdóttir

Dagmar Huld Matthíasdóttir hjúkrunarforstjóri Sunnuhlíðar  
flytur erindi: „Virgni til dægrastyttingar á hjúkrunarheimili.

Veitingar í boði staðarins.

**Allir eru velkomnir.**

## Kæru félagar,

Eins og fram hefur komið hefur Reykjavíkurborg í samvinnu við FAAS staðið að uppbyggingu nýrrar dagþjálfunar fyrir Alzheimerssjúklinga og aðra heilabilaða að Blesugróf 27 í Reykjavík. Hefur þessi nýja dagþjálfun fengið nafnið Maríuhús.

Um er að ræða nálægt 500 fm hús á tveimur hæðum í rólegu og fallegu umhverfi í Fossvoginum. Ekki náðist að klára bílskúrinn sem er áfastur við húsið í þessum áfanga en þar er fyrirhugað að komi geymslur og fleira. Bíður sú framkvæmd næsta árs.

Starfsemin er þegar farin af stað og fyrstu skjólstæðingarnir komu þar inn þann 1. október sl.

Vel hefur tekist til með bæði hús og garð. Þar munu dvelja 20 manns og er það góð viðbót en biðlistinn er samt ennþá alltof langur fyrir dagþjálfun.

Áætluð formleg opnun Maríuhúss er 8. nóvember n.k.

Hátíðarfundurinn þann 14. sept. tókst í alla staði vel. Það mættu um 200 manns. Við þökkum öllum sem lögðu okkur lið við að gera þessa hátíð okkar eins glæsilega og raun ber vitni.

Hittumst hress og kát þann 21. október.

Bestu kveðjur,

f.h. stjórnar FAAS, María Th. Jónsdóttir

## Glitnishlaup

Þann 2. október sl. var fulltrúum líknarfélaga boðið til athafnar hjá Glitni þar sem afhent voru áheit sem safnast höfðu í sambandi við Glitnishlaupið í Reykjavíkurborg maraþoni, en það var haldið í ágúst sl. Um 40 – 50 manns lögðu á sig hlaup í þágu FAAS og þakkar félagið öllu þessu ágæta fólki fyrir að leggja málstaðnum lið á þennan hátt. Alls söfnuðust 198.300 krónur sem Glitnir leggur fram og þökkum við þeim stuðninginn.

**Í síðasta fréttabréfi FAAS misritaðist nafn Guðríðar Ottadóttur þar sem greint var frá breytingum í stjórn félagsins frá síðasta aðalfundi. Guðríður er Ottadóttir en ekki Ottósdóttir eins og misritaðist. Biðjum við Guðríði velvirðingar á þessum mistökum.**

# Til hluthafa í Mentis Cura.

Frá stjórn Mentis Cura

Efni: Sala hlutafjár í félaginu:

Eins og hluthöfum er kunnugt hefur þeim verið gefinn kostur á að kaupa hlut í félaginu á genginu 350 s.l.tvö ár. Í ljósi mikils árangurs félagsins að undanförunu í þróun og markaðsfærslu á greinigaraðferð félagsins á Alzheimersjúkdómnum er ljóst að markaðsvirði Mentis Cura hefur a.m.k. þrefaldast að mati stjórnar og sérfræðinga sem félagið hefur ráðfært sig við. Í þessu bréfi verða ekki tíunduð öll þau skref sem fært hafa MC nær því en nokkru sinni fyrr að félagið verði sjálfbært fjárhagslega. Þess má geta að fyrstu tekjur af sölu þekkingar hafa þegar verið innheimtar og í Noregi hefur einn spítali auglýst í fréttabréfi sínu Alzheimerprófið okkar frá og með 1. sept .s.l.

Þrátt fyrir þessar jákvæðu fréttir skortir ennþá rekstrarfé það kemur ekki á óvart þar sem jákvæður árangur kallar á vaxandi útgjöld þangað til tekjur fara að skila sér í þeim mæli að þær dekki útgjöldin, en eins og áður var dregið á verður þess ekki langt að bíða.

Stjórn félagsins hefur reynt að sækja um lán til vöruþróunar hjá viðskiptabanka sínum Landsbanka Íslands en slæm staða bankans og því sem næst stöðvun á útlánum hefur bitnað á okkur og hefur umsóknin ekki borið árangur. Haldið verður áfram að kanna alla möguleika þótt þetta séu vissulega ekki bestu tímar til að fá lán.

Af framansögðu hefur stjórn félagsins ákveðið að bjóða nýjum hluthöfum inn í félagið og telur að bréf á genginu 700 ættu að freista nýrra hluthafa. Til skamms tíma litið býður stjórn MC núverandi hluthöfum að bæta við hlut sinn með bréfum á genginu 450 þó með því fororði að gengið muni hækka um hver mánaðarmót um 2% .Tilboð þetta gildir til næstu áramóta.

Þegar þetta bréf er skrifað hefur stjórnin heimild til að selja 170.000 punkta í félaginu.

Hægt er að senda inn pantanir skriflega eða með tölvupósti til [heida@mentiscura.is](mailto:heida@mentiscura.is)

Hluthöfum er velkomið að leita frekari upplýsinga hjá Heiðu í síma 530-9900.

Einnig er möguleiki á því að efnt verði til kynningarfundar um stöðu verkefna félagsins ef óskir koma um það frá hluthöfum.

# MINNINGARKORT

Símar **533-1088** og **898-5819**

Veittar eru upplýsingar og ráðgjöf í sömu sínum.

Bréfsími félagsins er **533-1089**

Netfang (E-MAIL) **faas@alzheimer.is**

Vefsíða: **www.alzheimer.is**

## Til sölu hjá félaginu

Bækurnar;

“Heilabilun”

“Í skugga Alzheimers”

“Hvers vegna svarar þú ekki, afi?”

“KAREN - Í viðjum Alzheimers”

“Umönnun fólks sem þjáist af ...”

“Þegar á reynir”

“Ný sýn á heilabilun - einstaklingurinn í öndvegi“

“Í öðru landi”

Myndbandið “Hugarhvarf”

Markmiðskort, Tækifæriskort,

Barmmerki og fleira.